

02. Júní 2017

## Fréttatilkynning

**Fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa, þrjá sunnudaga í júní kl. 17:00, frítt**

**Fuglaskoðun í júní - Sunnudaga kl. 17, brottför frá bílastæðinu.**

Fuglaskoðun er afþreying sem hentar fyrir alla fjölskylduna, börn og barnabörn njóta þess að eiga samverustundir með fullorðnum úti í náttúrunni. Innlendir sem og erlendir gestir hafa líka gaman af. Allt sem þarf eru stígvél því það getur verið blautt á. Sjónauki og fuglabækur koma sér líka vel.

Í júní verður boðið upp á fuglaskoðun með leiðsögn í Friðlandinu í Flóa. Eru það dyggir félagsmenn okkar sem hafa tekið að sér, í sjálfböðavinnu, að leiða hópa um svæðið og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir óeigingjarn starf í þágu félagsins.

Sunnudaginn 4. júní ríður á vaðið Hlynur Óskarsson forstöðumaður [Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands](#). Sunnudaginn 11. júní mun [Alex Máni Guðríðarson](#) leiða hópinn en hann er mikill áhugamaður um fugla og fuglaljósmyndari. Þriðja sunnudaginn, þann 18. júní, mun [Jóhann Óli Hilmarsson](#), formaður Fuglaverndar vera til leiðsagnar í Friðlandinu.

Sem fyrr segir hefst leiðsögn við bílastæðið kl. 17:00 þessa sunnudaga og gera má ráð fyrir um klukkustund til að njóta náttúrunnar og leiðsagnarinnar.

**Friðlandið í Flóa - Endurheimt votlendi sem iðar af fjölskrúðugu fuglalífi.**

Fuglavernd hefur tekið þátt í umsjá Friðlandsins í Flóa í tvo áratugi, allt frá árinu 1997, í samstarfi við ýmsa aðila á sviði náttúruverndar og sveitarfélagið Árborg.

Friðlandið í Flóa er svæði þar sem áður framræst votlendi hefur verið endurheimt í áföngum. Fuglaskoðunarhús með aðgengi fyrir hjólastóla var tekið í notkun árið 2010.

Meira um [jarðsögu, gróðurfar og dýralíf í Friðlandinu í Flóa](#) má lesa á vef Fuglaverndar.

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi: Fólki við fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa, álf tapar með unga

Ljósmyndari: Jóhann Óli Hilmarsson

Nánari upplýsingar veitir:

Jóhann Óli Hilmarsson | Fuglafræðingur | 567 3540 | 892 0299 | [johannoli@johannoli.com](mailto:johannoli@johannoli.com)